



Norðurlandaráð
Ved Stranden 18
1061 Kaupmannahöfn
Danmörk

Svar við skriflegri fyrirspurn Norðurlandaráðs til ríkisstjórna Norðurlanda um sjálfbæra sjóflutninga og enduruppbyggingu greinarinnar (E15/2021)

Hinn 23. júní 2021 samþykkti Norðurlandaráð skriflega fyrirspurn um sjálfbæra sjóflutninga og enduruppbyggingu greinarinnar. Hér með vill ríkisstjórn Finnlands, sem nú gegnir formennsku í Norrænu ráðherranefndinni, veita eftirfarandi svör sem voru unnin ásamt þeim ráðuneytum á Norðurlöndum sem málið varðar.

Norðurlandaráð beinir eftirfarandi fyrirspurn til ríkisstjórna Norðurlanda:

Hvað hafa ríkin gert til að auka norrænt samstarf um sjálfbæra sjóflutninga og tryggja enduruppbyggingu í greininni eftir faraldurinn?

Svar:

Norðurlönd eiga að verða sjálfbært og samþætt svæði á heimsælið árið 2030. Þetta er kjarninn í framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar sem forsætisráðherrar Norðurlanda samþykktu í ágúst 2019. COVID-19 faraldurinn felur í sér nýjar áskoranir, bæði á Norðurlöndum og um allan heim, og er mikilvægur áhrifavaldur á öllum fagsviðum. Norrænt samstarf er mikilvægt til að skapa efnahagsbata sem er í senn vistvænn og félagslega sjálfbær, einnig til að knýja áfram græn umskipti.

Norðurlöndin eru í fararbroddi við þróun flutningatækni á sjó með litla losun. Rafvæðing bílaferja í Noregi er í fremstu röð á heimsvísu. Maersk og allur sjávarklasinn í Danmörku fjárfesta fyrir milljarða danskra króna í nýjum grænum lausnum. Finnland og Svíþjóð hafa undirritað útboðssamning um hönnun næstu kynslóðar ísbrjóta, sem eru umhverfisvænni en þeir ísbrjótar sem notaðir eru í dag. Á Íslandi birti ríkisrekna raforkufyrirtækið Landsvirkjun skýrslu í júní 2021 sem sýnir að sjóflutningar á grænu vetni frá Íslandi til Rotterdam eru raunhæfir fyrir árið 2030. Í lok árs verður ein af stærstu og umhverfisvænstu farþegaflugvélum heims afhent til Álandseyja.

Öll Norðurlöndin leitast við að draga úr losun frá siglingum. Metnaðarfullar aðgerðir á Norðurlöndum skipta einnig máli á alþjóðavettvangi. Lönd okkar standa oft þétt saman meðal þeirra ríkja sem krefjast tillagna um að draga verulega úr losun, bæði á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) og Evrópusambandsins. Á alþjóðavettvangi innan IMO gegna einkum Noregur og Danmörk þýðingarmiklu hlutverki sem stórar siglingaþjóðir og sem fulltrúar í ráði IMO. Innan Evrópu leggja Finnland, Svíþjóð, Danmörk og Eystrasaltsríkin fram sjónarmið varðandi t.d. Eystrasaltið, siglingar á nærsvæðum og vetrarsiglingar í umræður ESB um aðgerðir til að draga úr losun frá siglingum.

25.11.2021

Kommunikationsministeriet	Heimilisfang Södra Esplanaden 16 Helsingfors	Póstfang PB 31 00023 Statsrådet	Sími (+358) 0295 16001	www.lvm.fi fornafn.efirnafn@lvm.fi kirjaamo@lvm.fi
---------------------------	--	---------------------------------------	---------------------------	--

Norðurlöndin vinna að því að farþega- og vöruflutningar geti gengið greiðlega fyrir sig og á markaðskjörum. Það skapar jákvæða þróun sem eflir sjóflutninga á Norðurlöndum og stuðlar að tilfærslu vöruflutninga yfir í umhverfisvænni valkosti með skipum. Í því skyni að efla enn frekar umhverfisfjárfestingar skipaútgerða má horfa til athafnarýmis innan reglna ESB um ríkisstyrki og mismunandi umhverfiskröfur varðandi t.d. gjöld vegna siglinga.

Norræna ráðherranefndin hefur einnig um langt skeið stutt verndun norrænna hafsvæða og fjármagnað fjölda verkefna sem varða sjálfbæra sjóflutninga. Einnig fer fram náð samráð beint milli yfirvalda samgöngumála auk skipulegs opinbers norræns samstarfs. Á hvert koma fulltrúar norrænu ríkisstjórnanna á sviði siglinga saman á norrænum fundi um siglingamál.

Formennskulandið Danmörk setti þróun sjálfbærari siglinga skemmtiferðaskipa á dagskrá á formennskuári sínu 2020. Í samræmi við það hefur formennskuverkefnið „*Norðurlöndin taka að sér forystuhlutverk til að tryggja umhverfisvænni siglingar skemmtiferðaskipa*“ verið unnið. Innan ramma verkefnisins var samin stöðuskýrsla um þróunina á svæðinu sem var gefin út í febrúar árið 2020.

Tæknilegt vefmálþing var haldið í september árið 2020 sem setti fram tillögur að tilmælum og vangaveltur um starfið núna og til framtíðar að stjórnun, tækniþróun og fjármögnun. Einnig var tekið mið af tillögum vefmálþingsins í ráðherrarfirlýsingu í október 2020. Ráðherrarfirlýsingin „*Cleaner Cruises through More Shore Power: Nordic Leadership in Making the Nordic and Greater Baltic Sea Area Sustainable Cruise Destinations*“ fjallar um mengun frá skemmtiferðaskipum. Danmörk greinir frá vinnunni í framhaldinu og áformum um vegvísi með tilmælum að stjórnun, tækniþróun og fjármögnun, sem á að samþætta í skýrslu á þessu sviði í framtíðinni. Í tíð formennskulandsins Danmerkur var einnig kynnt verkefnið „*Norðurlönd vísi veginn á sviði grænna samgangna*“.

Jafnframt, á vegum formennskulandsins Finnlands og að norsku frumkvæði, er fjármagnað verkefnið „*A Nordic road map for the introduction of sustainable zero-carbon fuels in shipping*“ úr sjóði sem MR-SAM fjármagnaði fyrir þverfagleg verkefni varðandi aðgerðir á sviði grænna samgangna. Komið skal á fót stýrihópi verkefnisins og fulltrúum allra aðildarríkja og fagsviða býðst að taka þátt í þessu starfi.

Um eflingu sjóflutninga og enduruppbyggingu greinarinnar að loknum heimsfaraldri má að lokum með sanni segja að norrænt samstarf verður áfram að fara fram á virkan hátt milli landanna svo samræma megi bestu starfsaðferðir og aðgerðir á skilvirkan hátt.

Með vinsamlegri
kveðju,



Timo Harakka
Samgönguráðherra
Finnlands

25.11.2021

Kommunikationsministeriet

Heimilisfang
Södra Esplanaden 16

Póstfang
PB 31

Sími (+358)
0295 16001

www.lvm.fi
fornafn.efirnafn@lvm.fi

Helsingfors

00023 Statsrådet

kirjaamo@lvm.fi